Nr. 484 14. júní 2001

# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð um innflutning og heildsöludreifingu lyfja nr. 699/1996.**

1. gr.

Í öllum tilvikum, þar sem minnst er á „Lyfjaeftirlit ríkisins" og „Lyfjanefnd" í reglugerðinni, skal því breytt í „Lyfjastofnun".

2. gr.

Ný mgr., sem verður 2. mgr. bætist við 34. gr.

Takmarkanir á sölu lyfja skv. ákvæðum 1) – 6) tl. þessarar greinar eiga ekki við um náttúrulyf og hómopatalyf (smáskammtalyf), nema Lyfjastofnun ákveði annað.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.*

F. h. r.
**Davíð Á. Gunnarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*